

# Fréttabréf

## Hestamannafélagsins

### Skugga



#### Fréttir frá stjórn:

Nú líður senn að lokum þessa starfsárs hjá okkur í stjórn Skugga og styttist í aðalfundur félagsins, sem verður haldinn þriðjudaginn 10. mars n.k., kl. 20:00 í Félagsheimilinu Vindási.

Stjórnin hefur á starfsárinu haldið 14 bókaða stjórnarfundum, ásamt nokkrum fundum með nefndum félagsins og öðrum aðilum.

Bygging reiðhallarinnar hefur verið talsvert til umfjöllunar hjá okkur undanfarið og hefðu margir viljað sjá höllina tilbúna og komna í notkun á þessum tíma, en við verðum að láta okkur lynda að bíta nú á jaxlinn og leggja okkur öll fram um að klára þau handtök sem eftir eru og verða sæl og glöð þegar þessum áfanga verður loksins náð.

Umhverfismál hestúsa-hverfisins hafa einnig verið

töluvert til umfjöllunar hjá okkur og vill stjórnin beina þeim vinsamlegu tilmælum til húseigenda að leggja sitt að mörkum við að hafa hús og umhverfið allt snyrtilegt og félaginu til sóma. Haldinn var fundur með hesthúseigendum í lok janúar sl., þar sem valin var nefnd til að fjalla um hagsmuni hesthúseigenda og skila álitni og tillögum á aðalfundinum.

Stjórnin hefur einnig rætt töluvert um starfið innan félagsins og hvernig virkja megi félagi til ýmissa starfa og viljum við beina þeim tilmælum til félagsmanna að vera duglegir við að koma hugmyndum á framfæri við stjórn og nefndir, þannig að starfið geti verið sem allra öflugast.

Ný heimasíða var tekin í notkun fyrir sl. áramót og er það von okkar í stjórn að

tilkoma hennar verði til bóta í upplýsingastreymi til félagsmanna og annarra sem áhuga hafa á okkar starfi. Það hefur reyndar gengið í dálitlu basli hjá okkur með uppfærslur á síðunni, en vonandi er nú að rætast þar úr.

Stjórn Skugga hefur það hlutverk að gera tillögur um skipan fulltrúa í stjórn og nefndir fyrir næsta starfsár og leggja það fyrir á aðalfundi okkar 10. mars, nk. Því höfum við ákveðið að stilla upp tillögum um nefndarskipan og birta þær á heimasíðu okkar 3-4 dögum fyrir aðalfund. Félagsmönnum er því bent á að kynna sér tillögurnar og koma á framfæri við okkur ábendingum, ef þeir óska eftir að komast til starfa í ákveðnum nefndum, eða öðrum nefndum en lagt verður til þar. /SLH

#### Þetta helst...

- > Aðalfundur Hmf. Skugga verður 10. mars nk., kl. 20:00 í Félagsheimilinu Vindási.
- > Sjálfboðavinna við reiðhöllina í fullum gangi.
- > Mikil áform í gangi um reiðvegagerð.
- > Opín málstofa um ágrip hrossa, 13. mars nk.
- > Árshátíð barna og unglinga á Vesturlandi, 21. mars nk.
- > Fyrirlestur með Benna Lindal, 17. mars nk.
- > UMFÍ og LH skrifa undir samstarfssamning.
- > Úskahrafn frá Brún.
- > Fjárúferð í Rauðanesfjörur, 10. apríl nk.
- > Fjáröflunardansleikur fyrir-hugaður 01. maí, nk.

## AÐALFUNDARBOÐ

**Aðalfundur Hestamannafélagsins Skugga verður haldinn þriðjudaginn 10. mars nk., kl. 20:00 í Félagsheimilinu Vindási.**

Skv. 6. gr. laga félagsins er dagskrá aðalfundar:


1. Fundur settur og starfsmenn fundarins skipaðir
2. Fundargerð síðasta aðalfundar lesin
3. Skýrsla stjórnar - (Umræða um skýrslu stjórnar)
4. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins til samþykktar, skoðaða af skoðunarmönnum félagsins - (Umræða um reikninga félagsins)
5. Skýrslur nefnda - (Umræða um skýrslur nefnda)
6. Inntaka nýrra félaga
7. Lagabreytingar
8. Kosning stjórnar, varastjórnar, skoðunarmanna, nefnda og fulltrúa á LH og UMSB þing
9. Félags- og hagagjöld ákveðin
10. Önnur mál
11. Fundarslit

#### Fréttir frá nefndum:

Frá Móta- valla- og fræðslunefnd: 2

Frá Reiðveganeftnd 3

Frá bygginganeftnd 3  
reiðhallarinnar



## Frá Móta- valla- og fræðslunefnd:

Hinn 7. febrúar s.l. fór fram ístólt keppni á Álatjörn í einstaklega fallegu veðri. Keppt var í þremur flokkum, barna-, unglunga og fullorðinsflokki.

Alls tóku 32 knapar þátt, þar af einn á tveimur hestum.

Keppnin var skemmtileg og dómari keppninnar, sem var Sigrún Ólafsdóttir sá um einkunargjöf hvers hests og sá síðan um röðun í sæti, þeirra fimm hesta sem besta einkun hlutu í forkeppni.

Í barnaflokki sigraði Konráð Axel Gylfason.

Í unglingaflokki Ólafur Axel Björnsson og í fullorðinsflokki Íris Hrund Grettsdóttir.

Meðfylgjandi á síðunni eru myndir af mótinu sem Guðbjörg Ásmundsdóttir tók.

Ákveðið hefur verið að halda töltmót í mars og verður það ákveðið með stuttum fyrirvara, sérstaklega ef það verður haldið á ís.

Þar sem fyrirhuguð firmakeppni félagsins ber upp á kosningardag, 25. apríl, hefur verið ákveðið að fresta firmakeppninni til föstudagsins 1. maí, kl. 14.00.

Þá er ennþá gert ráð fyrir að haldið verði opið íþróttamót þann 9. maí nk.

Eins er stefnt á úrtökumóti fyrir fjórðungsmótið á Kaldármelum, þann 23. maí nk., á gæðingamóti. HS/HH

## Áskorun frá Sögusetri íslenska hestsins:

Við hjá sögusetri íslenska hestsins erum að hefja söfnun á myndum af félagsbúningum (sjá heimasíðu, [sogusetur.is](http://sogusetur.is)) og gaman væri ef félagar í hestamannafélögum sjá sér fært að senda myndir í góðri upplausn til okkar eða geta lánað okkur myndir sem við getum skannað inn og skilað síðan um hæli. Með myndunum skal fylgja skrifleg staðfesting fyrir því að við megum setja þær á heimasíðu okkar og jafnvel nota þær í sýningum sem Sögusetrið kemur til með að setja upp.

Einnig væri gaman að fá að vita hver tók myndina, hvar (staðsetning) og hvenær (ár).

Rétt er að taka fram að Sögusetrið safnar ljósmyndum af ýmsu tagi svo framarlega sem þær tengjast hestum og hestamennsku.

Sögusetur íslenska hestsins er alþjóðleg miðstöð þekkingar og fræðslu um sögu íslenska hestsins. Við leggjum m.a. kapp á að safna og varðveita ljósmyndirnar í sérstökum gagnabanka, en ljósmyndir eru dýrmætari heimildir um samband manns og hests fyrr og síðar. Við komum til með að gera ljósmyndirnar aðgengilegar almenningsi í sérstökum gagnabanka á Internetinu.

Einnig söfnum við skjölum,

munum og minjum sem varða íslenska hestinn.

Sögusetrið stendur fyrir sýningum, rannsóknum og fleiri áhugaverðum verkefnum.

Með kveðju og fyrirfram þökk

--

Þórey Helgadóttir, email: [torey@mail.holar.is](mailto:torey@mail.holar.is) verkefnastjóri ljósmyndasafns Sögusetursins Sögusetur íslenska hestsins Hólum í Hjaltadal

## Hugleiðingar um fjórðungsmót:

### Þátttökuréttur:

Tekin hefur verið ákvörðun um að hvert þátttökufélag á fjórðungsmótinu eigi rétt til að senda einn keppanda fyrir hverja byrjaða 50 félagsmenn í hvern keppnisflokk, A- og B- flokk gæðinga, barna- unglunga- og ungmennaflokk. Skuggi hefur því rétt til að senda fjóra keppendur í hvern flokk. Félagsmenn eru hvattir til þátttöku og skorað á þá að undirbúa sig sem best fyrir úrtökumótið sem haldið verður 23. maí nk., hjá okkur í Skugga.

### Fjórufarð:

Gert er ráð fyrir að Skuggafélagar fari í sinn árlega reiðtúr út á Rauðanesfjörur, á föstudaginn langa, hinn 10. apríl nk. Nánari tímasetning verður auglýst síðar.

### Fjáröflunardansleikur 1. maí nk.:

Áform eru uppi hjá stjórn og Skemmtinefnd Skugga um að halda stórdansleik í reiðhöllinni nýju, þann 01. maí nk. og ef hlutirnir ganga vel eftir þá gerum við okkur vonir um að geta þar aflað fjár til viðbótar hlutafjár í reiðhöllina góðu. Nánar auglýst síðar.

## Frá reiðveganefnd:

Reiðveganefnd hefur endurskoðað og fært upp fjögurra ára áætlun um lagningu reiðvega, sem nú nær til árunna 2009-2012.

Áætlunin gerir ráð fyrir framkvæmdum á þessu ári fyrir allt að 5,4 millj. kr.

Í fyrstu er gert ráð fyrir að lokið verði frágangi við reiðveginn sem lagður var sl. haust, s.s. með því að girða, ásamt öðrum frágangi við hann. Síðan er áætlað að hefja lagningu nýs reiðvegar yfir land Holts, frá Bjarnhólum að Lækjar-kotsveginum. Sótt hefur verið um 4,0 milljónir króna, í reiðvegasjóð, til þessara verkefna.

Samkvæmt áður nefndri áætlun er gert ráð fyrir lagningu reiðvega allt að 12 km að lengd og að heildarkostnaður við það nemi um 40 milljónir króna. Nú þegar er búið er að leggja um 2,7 km af þessum reiðvegum.

Áætluninni er skipt niður í nokkra verkþætti. Stærstir eru Bjarnhólar – Gufuárvegur og Háflslækjarvegur frá Einkunum að gamla Ólafsvíkurveginum.

Í áætlun nefndarinnar er ekki gert ráð fyrir kostnaði við lagningu nýrra reiðvega um Fólkvanginn í Einkunum, vegna skiplagsins þar og

breytinga á legu reiðleiða um svæðið, þar sem það mun verða fjármagnað af sjóðum Fólkvangsins.

Að beiðni Vegagerðarinnar mun nefndin koma að frágangi við veggöngin undir Þjóðveg 1 í Norðurárdal, m.a. vegna skipulags aðhalda og gerða.

Eitt af verkefnum nefndarinnar hefur verið og mun áfram verða að fylgjast með vinnu við skipulag Borgarbyggjaðar að því leiti sem það snertir reiðleiðir.  
/MV

## Frá Bygginganefnd reiðhallar:

Ágætu félagar – nú styttest í það að hægt verði að taka reiðhöllina okkar í notkun – langþráður draumur að verða að veruleika. Nú hefur vinna staðið yfir í 7 vikur og fyrir þremur vikum hófst svo vinna sjálfboðaliða. Unnið hefur verið um tvær helgar og í síðustu viku var unnið á fimmtudagskvöldi. Mæting hefur verið misjöfn, stundum mátt vera betri, en vel hefur unnist. Áhorfendapallar komnir vel á veg og hringurinn langt kominn. Byrjað er að setja upp lýsingu í salnum og gerbreytir það allri vinnuástöðu, nú verður ekkert því til fyrirstöðu að vinna þar á kvöldin. Búið er að leggja rafmagn að húsi og inntak hitaveitu er komið í hús – eftir er að tengja og

gerist það í vikunni. Í þessari viku, (2.-8. mars) er stefnt að vinnu á þriðjudagskvöld og fimmtudagskvöld, auk helgarinnar væntanlega. Eru félagar hvattir til að mæta, verkefni eru margvísleg, jöfnun gólfs svo unnt verði að setja gólfefnið á, smíði áhorfendapalla, raflagnavinna og uppsetning hringisins. Eins liður að málningavinnu. Ef vel gengur í vikunni og um næstu helgi þá spái ég því að flestir þessir verkþættir verði u.p.b. að klárast. Ef einhverjir hafa tækifæri til þess að vinna utan þessara auglýstu tíma þá endilega hafið samband við Guðjón eða Gretti því verkefni eru næg. Varðandi framhaldið þá mun stjórn reiðhallarinnar taka um það ákvörðun hvenær hægt verður að taka höllina

formlega í notkun. Ekki hefur verið unnt að gefa út hvenær af því getur orðið, fer það eftir framgangi verka og eins hvenær gólfefnið verður tilbúið til afgreiðslu og niðulagningar. Hins vegar er farið að kalla eftir tímasetningu því ýmsir viðburðir eru í farvatninu. En ég spái því að eftir þessa viku verði staðan orðin nokkuð ljós. En ég hvet ykkur til þess að leggja nú gjörva hönd á plóg svo við getum farið að nota höllina okkur til gagns og gamans. Endaspretturinn er ávallt erfiður en ánægjan að honum loknum gerir það að verkum að erfiðið gleymist. Ég minni svo á að hlutfjárframlög verða vel þegin.

Með bestu kveðjum  
Kristján Gíslason

## Sjálfboðavinna við reiðhöllina:

Ágætu Skugga-félagar!  
Nú stendur yfir vinna við frágang reiðhallarinnar okkar og hefur mikið áunnist á undanförunum vikum með sjálfboðastarfi okkar og Faxafélaga. Nú er farið að hylla undir lokafrágang og því áriðandi að allir sem tók og áhuga hafa á að koma að þessu starfi mæti galvaskir til starfa.  
Áformað er að vinna nk. þriðjudag, 03. mars og nk.

fimmtudag, 05. mars, kl. 19:00 báða dagana. Einnig verður unnið eitthvað um helgarnar, þar til frágangi er lokið. Sú vinna sem framundan er ætti að geta hentað flestum, bæði þeim sem gott vald hafa á hamri og borvélum og eins öðrum verkfærum. Gott væri að fólk hefði slík verkfæri með sér til vinnunnar. Mörg önnur vinna er einnig í boði. Stjórn Skugga hefur fengið Ingvar Þór Jóhannsson til að

vera tengilið okkar við starfsmenn reiðhallarinnar og er félögum bent á að snúa sér til hans í síma 843-9156 og 437-1742, ef það hefur einhverjar spurningar um mætingu eða vinnuna.

**Margar hendur vinna létt verk!**


/Stjórnin

## Árgangur 2, tölublað 1

### Tilkynningar!

>Stjórn Skugga biður félagsmenn vinsamlegast um að takmarka akstur á reiðvegum í hesthúsa-hverfinu, vegna öryggis hestamanna.

>Stjórn Skugga beinir þeim tilmælum til hesthúseigenda og annarra félagsmanna sem eru á ferðinni í hesthúsa-hverfinu að leggja bílum sínum á bílastæðunum, ef tók eru á, en ekki á götunum við hesthúsin.



## Óskahrafn frá Brún.



## Fréttabréf Hestamannafélagsins Skugga

### Auglýsing:

Stóðhesturinn Óskahrafn frá Brún verður í Hjarðarholti í Stafholts-tungum frá 20. júní 2009 og verður 2 gangtímabil. Það kostar 45.000 kr. m/vsk. undir hestinn. Innifalin ein sónun og hagagjald. Hér er mikill gæðingur á ferð. Hinrik og Hulda hafa notað hann mikið og eru hluthafar í hestinum. Umsögn Huldu um klárinn: "Óskahrafn er stórættaður, virkjamikill gæðingur. Hann er viljugur, hreingengur og rímur. Tryppin undan honum eru eins og hann sjálfur, spök og mannelsk í uppeldi og hafa reynst auðtamin." **Pantanir og uppl.: Hrefna B. Jónsdóttir, 863-7364, 435-1464, netfang: hjardarholt@vesturland.is**

Ný heimasíða:

[www.skuggi.info](http://www.skuggi.info)

Senda fréttir á:

[helgi@borgarbyggd.is](mailto:helgi@borgarbyggd.is)



Ábyrgðarmadur fréttabréfs:  
Stefán Logi Haraldsson

## Opin málstofa um ágríp hrossa!

"Út með ágríp!"

### Auglýsing:

**Málþing haldið um leiðir til þess að koma í veg fyrir ágríp og aðra áverka í tengslum við sýningar hrossa.**

Haldið á Hvanneyri, föstudaginn 13. mars, nk., kl.: 17-20 í Árssal í Ásgarði (Nýi skóli). Skráning fer fram gegnum netfangið [endurmenntun@lbhi.is](mailto:endurmenntun@lbhi.is) eða í síma 433 5000 hjá Landbúnaðarháskóla Íslands. Við skráningu þarf að koma fram: nafn, kennitala, heimilisfang, sími og hvort viðkomandi vill kvöldmat eða ekki. Síðasti skráningardagur er miðvikudagurinn 11. mars, nk. Ekkert skráningargjald - en hægt verður að kaupa kvöldmat á kr. 1.500,-

### Aðilar sem standa að ráðstefnunni eru:

- Félag hrossabænda
- Félag tamningamanna
- Járningamannafélag Íslands
- Hólaskóli, Háskólinn á Hólum
- Landbúnaðarháskóli Íslands
- Landsamband hestamannafélaga
- Matvælastofnun

### Frummælendur:

- >Eyjólfur Ísólffsson, tamningameistari FT og yfirreiðk. Hólaskóla.
- >Friðrik Már Sigurðsson, kennari og kynbótadómari.
- >Pétur Halldórsson, ráðunautur og sýningastjóri.
- >Jakob S. Sigurðsson, reiðkennari og þjálfari.
- >Sigríður Björnsdóttir, dýralæknir hrossasjúkdóma.
- >Sigurður Torfi Sigurðsson járnningameistari.

Guðlaugur Antonsson, hrossarættaráðunautur flytur inngangsávarp. Fundarstjóri er Dr. Ágúst Sigurðsson rector LBHÍ.

## UMFÍ og LH skrifa undir samstarfs-samning

### Fréttatilkynning frá UMFÍ og LH:

Ungmennafélag Íslands (UMFÍ) og Landssamband hestamanna (LH), skrifuðu nýlega undir, á Hellu, samstarfssamning í því að koma af stað keppni á landsvísi, fyrir börn og unglina á aldrinum 12-21 árs. Fyrirkomulag keppinnar er að fyrst fer fram undankeppni þar sem 15 einstaklingar geta áunnið sér keppnisrétt í úrvalsdeild UMFÍ og LH. Undankeppnin mun fara fram árlega á Unglingalandsmótum UMFÍ, þar sem þau eru haldin hverju sinni. LH og UMFÍ stefna að frekara samstarfi tengdu þessu verkefni á Unglingalandsmótum UMFÍ, í framtíðinni.

## Árshátíð barna og unglina á Vesturlandi

Fulltrúar úr Æskulýðsnefndum hestamannafélaganna á Vesturlandi hafa ákveðið að efna til sameiginlegrar árshátíðar fyrir börn og unglina í félagunum, laugardaginn 21. mars n.k. Ekki er frágengið hvar árshátíðin verður haldin, en upplýsingar um það verður hægt að fá hjá formanni stjórnar, innan fárra daga. Maturinn verður á mjög hófstíllu verði og vonast er til að þátttaka verði góð frá öllum félögum.

## Fyrirlestur með Benna Líndal

Boðað er til fyrirlestrar með Benna Líndal, fimmtudaginn 17. mars, nk., kl. 20:00, í Félagsheimilinu Vindási, um efni nýrrar bókar hans "Samspil" og fleira áhugavert er lýtur að tamningu hrossa og hestamennsku.

Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

/Fræðslunefnd Skugga - Benni Líndal

